
1953 nr. 72 16. desember

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um gagnkvæmi varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni

Tóku gildi 31. desember 1953.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning þann milli Íslands, Danmerkur, Finn-

lands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæmi varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni, sem undirritaður var á félagsmálaráðherrafundi Norðurlanda í Reykjavík 20. júlí 1953 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

■ **2. gr.** Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur verið staðfestur, skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

Fylgiskjal.¹⁾

¹⁾ Samningurinn, sem birtur var með l. 72/1953, er brottfallinn, sbr. samning sem birtur var með l. 53/1956, 37. gr. Sjá nú l. 46/1993 og samning sem birtur er með þeim lögum.